

Fundargerð 424. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, fimmtudaginn 28. maí kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Reykjanesbæ.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Lúðvík Geirsson og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 422. og 423. fundar - 1909002HA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 422. og 423. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 27. apríl og 19. maí 2020.

Fundargerðirnar samþykktar og staðfestar með undirskrift stjórnarmanna.

2. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2019 - 2004002HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2019 áritaður af reikningshaldara. Kjörnir skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn og leggja til að hann verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með undirritun stjórnarmanna.

3. Auglýsing um sumarstarf við verkefni tengd rekstri og gagnavinnslu á sviði sveitarfélaga - 2005002HA

Lögð fram auglýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Hafnasambands Íslands, um sumarstarf við verkefni tengd rekstri og gagnavinnslu á sviði sveitarfélaga.

Stjórn samþykkir að kosta sumarstarf í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

4. Strandsvæðisskipulag á Austfjörðum og Vestfjörðum - óskað umsagnar - 2005003HA

Lagðar fram lýsingar á strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Nú liggja fyrir tillögur að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum og Austfjörðum þar sem fjallað er um mál sem skipta hafnir verulegu máli. Leggur stjórn áherslu á að grundvallar hagsmunir hafna og sveitarfélaga séu tryggðir í þessu máli. Stjórn hvetur einnig alla þá sem starfa að þessum málum að virða rétt, hagsmuni og mikilvægi hafna á viðkomandi svæðum.

5. Hafnasambandsþing 2020 - 1910001HA

Drög að dagskrá hafnasambandsþings sem haldið verður 24.-25. september 2020 í Ólafsvík lögð fram til kynningar.

Fræðslunefnd falið að halda áfram að vinna að undirbúningi og starfsmanni falið að auglýsa viðburðinn við fyrsta tækifæri.

6. Námskeið fyrir vigtarmenn - 2006002HA

Stjórn ræddi skipulag og framkvæmd prófa til löggildingar vigtarmanna.

Að gefnu tilefni er starfsmanni falið að óska eftir gögnum frá Neytendastofu um reglur um framkvæmd og tilhögun prófa til löggildingar vigtarmanna þar með tilliti til túlkapjónustu.

Fundi var slitið kl. 13:30

Gísli Gíslason

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson